

# Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 16. stjórnarfundar, haldinn 14. apríl. 2024 í Borgartúni 26 kl. 15:15-17:30.

Mætt voru: Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aron Kári Ágústsson sat einnig fundinn.

Fjarverandi: Óskar Jósefsson.

## Dagskrá fundar:

### 1. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdastjóra um kaup á 28 fasteignum í Grindavík. Um er að ræða þrjár veðbandalausar eignir en aðrar með áhvílandi húsnæðislánnum. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í öllum tilvikum. Af þessum 28 voru tvær tillögur um kaup samþykktar án fyrirvara en í einu tilviki voru kaup á íbúð í fjöleignarhúsi samþykkt með fyrirvara um að yfirlýsing verði fengin frá húsfélagi ef það er til staðar. Í 25 tilvikum voru kaupin samþykkt með fyrirvara um að ganga megi frá kaupum þegar undirritaðir samningar við lánveitendur liggja fyrir, í þeim tilvikum voru kaupin í ellefu tilvikum að auki samþykkt með fyrirvara um að yfirlýsing fái frá húsfélagi, ef það er til staðar, vegna íbúða í fjöleignarhúsum. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

### 2. Önnur mál

Framkvæmdastjóri upplýsti að búið væri að þinglýsa fyrstu tveimur kaupsamningunum vegna kaupa félagsins á íbúðarhúsnæði í Grindavík. Þeir voru undirritaðir fyrir hönd félagsins sl. föstudag. Allt ferli þeirra var stafrænt þ.e. umsókn um sölu, undirritun kaupsamnings og þinglýsing kaupsamnings. Um er að ræða fyrstu rafrænu þinglýsingar kaupsamninga. Til hliðar við hið stafræna ferli fer fram þjónusta af hálfu félagsins þar sem fulltrúar sýslumanna og félagsins svara fyrirspurnum frá seljendum í tölvupósti og gegnum síma. Þá hefur reynst nauðsynlegt í allnokkrum tilvikum að leiðbeina umsækjendum handvirkt í umsóknarferlinu auk þess sem leiðréttu hefur þurft nokkuð af umsóknum í samráði við umsækjendur. Næsti stjórnarfundur verður mánudaginn 15. apríl kl. 17:00 í Borgartúni 26.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 17:30.

Óskar Jósefsson  
Guðrún Þorleifsdóttir  
Aron Kári Ágústsson